

Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2020110077

8. desember 2020

Áætlaðar göngu- og hjólastígaframkvæmdir 2021

Óskað er heimildar skipulags- og samgönguráðs fyrir áframhaldandi undirbúning, verkhönnun og gerð útboðsgagna fyrir eftirtalar stígaframkvæmdir:

Aðskildir göngu- og hjólstígar:

- Borgartún, norðurkantur milli Snorrabrautar og Katrínartúns.
- Snorrabraut, milli Hverfisgötu og Sæbrautar.
- Faxaskjól og Sörlaskjól, milli Ægissíðu og Nesvegar.
- Elliðaárdalur, milli Höfðabakkabréu og Nautavaðs.
- Bústaðavegur, brúin yfir Kringlumýrarbraut og tenging við Kringlumýrarbraut meðfram rampa.
- Ánanaust, Hringbraut að Mýrargötu.

Sameiginlegir göngu- og hjólastígar:

- Elliðaárdalur, stígur í stað stokks.
- Hálsabraut, stígur að austanverðu .
- Svarthöfði, tenging stígs við Stórhöfða.
- Þverársel, tenging milli Skógarsels og stígs samsíða Reykjanesbraut við ÍR völl.
- Kjalarnes, stígur norðan hringvegar samhliða aðskilnaði aksturstefna.
- Gufunes, tenging við Borgaveg

Greinargerð

Meðfylgjandi kynning gefur yfirlit yfir hverja og eina framkvæmd. Gert er ráð fyrir að hluti verkefnanna verði greiddur af Betri samgöngum (samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins) í samræmi við samkomulag þar um en annað af viðkomandi liðum fjárfestingaráætlunar, svo sem hjóreiðaáætlun og gerð stíga í eldri hverfum. Áætlaður heildarkostnaður við ofantalda stíga er á um 1055 millj. kr og heildarlengd þeirra er um 6,6 km.

Hönnun ofantalina stíga er mislangt komin en stefnt er að því að framkvæmdir við þá hefjist 2021. Einnig er ráðgert að vinna að gerð eftirtalinna stíga sem áður hafa verið kynntir. Framkvæmdir við suma þeirra eru þegar hafnar:

- Bústaðavegur 151-153, stígar og undirgöng
- Bústaðavegur, milli Veðurstofuvegar og Skógarhlíðar, undirgöng undir Litluhlíð
- Hæðargarður og Álmgerði



- Háaleitisbraut, milli Bústaðavegar og Fossvogsstígs.
- Gatnamót Bústaðavegar og Háaleitisbrautar.
- Rafstöðvavegur, milli gömlu rafstöðvarinnar og Bíldshöfða
- Eiðsgrandi, Ánanaust að Boðagranda

Áætlaður heildarkostnaður vegna stígaframkvæmda á árinu 2021 er því um 1775 millj. kr og heildarlengd stíga um 10,3 km. Eins og áður segir er hluti framkvæmdanna greiddur af samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Yfirverkfræðingur samgöngumála/deildarstjóri

Kristinn J. E.

Kristinn Jón Eysteinsson

Verkefnastjóri